

Fundur Skólaráðs Grunnskólans á Eskifirði

Haldinn 21. Nóvember 2018 kl. 16:30 í fundaherbergi

skólans

Fundinn sátu: Ragnar Jónsson, Petrína Kristín Sigurðardóttir, Kristín Auðbjörns, Bergmann Þór Kristjánsson, Páll Birgir Jónsson, Eva Dröfn Sævarsdóttir, Birgir Jónsson.

1. Starfsáætlun og skólanámskrá.
Það verður settur saman hópur innan skólans til að fara yfir skólanámsskrá og gera hana betri.
Einnig á að gera skólanámskrána sýnilegri og auka vitund allra um hana. Mikla vinnu þarf að leggja í skólanámskrána til að gera hana góða.
2. Skólalóð.
Eftir síðasta fund sendi Birgir erindi á framkvæmdasvið vegna bekkjanna og betri körfuboltakörfu. Hann fékk svar um að þetta sé í skoðun, við höldum áfram að skoða þessi mál og halda á lofti.
3. Skólapúlsinn.
Skólapúlsinn var lagður fyrir 6.-10. bekk í október. Hann kom mjög illa út og var vellíðan nemenda langt undir meðaltali. Stærðfræði og náttúrufræði komu vel út og voru yfir meðaltali.
Rætt var um hvernig væri hægt að ná betur til foreldra til að auka vellíðan barna.
4. Símbann.
Símbannið tekur í gildi 1. janúar 2019. Lagt er upp með að það sé keypt 114 tæki til að nýta í kennslu.
Farið var yfir starfsreglurnar sem fylgja símbanninu. Skólaráði finnst reglurnar á gráu svæði og að símarnir eigi bara að vera heima. Reglurnar verða að vera skýrar!
5. Frímínútur.
Rætt var um svokölluðu „sól“ á skólalóðinni. Sólin er staður sem krakkarnir geta farið á ef þau hafa engann til að leika við, í stað þess að ráfa um lóðina. Þau geta þá alltaf fundið einhvern til að leika sér við.
Einnig var rætt um afþreyingu fyrir eldri bekkina í frímínútum eftir að símbannið tekur í gildi. Birgir ætlar að ræða við nemendaráðið um þessi mál. Virkja þarf þau til að koma með hugmyndir af afþreyingu sem þau geta svo komið áleiðis á skólastjórnendur.
6. Önnur mál.
Engin önnur mál voru rædd.

Fundið slitið kl. 17:45.

Eva Dröfn Sævarsdóttir ritaði fundargerð